

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/482/EB frá 9. júlí 2007 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 8c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/849/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„8d. **32007 D 0482**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/482/EB frá 9. júlí 2007 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (Stjtíð. ESB L 180, 10.7.2007, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/482/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 180, 10.7.2007, bls. 42.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.